



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um verklag við niðurfellingu skulda á skóla- og frístundasviði

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 16. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hvernig er verklagið í kringum niðurfellingu skulda hjá skóla- og frístundasviði? Þarna er um að ræða gjöld eins og reikninga fyrir skólamáltíðir og aðra gjaldtöku hjá borginni. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs fær mál sem varða niðurfellingu skulda inn á sitt borð. Sé það samþykkt er svo mælt með niðurfellingu skulda hjá skóla- og frístundasviði. Hversu oft á ári eru þessir ferlar settir í gang? Hefur verið skoðað að gera það oftár á ári? Ef svarið er nei, hvers vegna ekki? Hvað verður um skuldina þegar búið er að fella hana niður? Er foreldrið/foreldrar þá komið/n í skjól?

Svar:

Verklag við niðurfellingu skulda hjá skóla- og frístundasviði (SFS) er eftirfarandi:

- Foreldri/forráðamaður sem er í vanskilum pantar tíma hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð vegna vanskila við SFS.
- Þjónustumiðstöð tilkynnir innheimtustjóra SFS um tímapiöntunina
- Innheimtustjóri SFS skráir skjól verklags (skjól gildir í þrjá mánuði frá tilkynningu) og afturkallar uppsagnir eftir því sem við á.
- Ferlið á þjónustumiðstöðinni er eftirfarandi:
 - Fara yfir tekjur og mánaðarleg útgjöld skuldara, skv. verklaginu á að hafa viðmið umboðsmanns skuldara til hliðsjónar, sé greiðslugeta til staðar þá er viðkomandi leiðbeint með að gera samkomulag um greiðslur.
 - Séu tekjur undir mörkum þarf að sækja um fjárhagsaðstoð til greiðslu skuldarinnar.
 - Sé umsókn um aðstoð til greiðslu skuldar hafnað þarf að áfrýja höfnun.
 - Komi einnig höfnun út úr áfrýjun þá er hægt að sækja um afskrift vanskilanna. Afskrift er aðeins hægt að sækja um sem algjört loka úrræði, eða eins og segir í verklaginu sjálfu: „Réttur skuldara til annarrar aðstoðar við lausn á greiðsluvanda skal kannaður til þrautar áður en lagt er mat á aðstæður skuldara.“ Fara þarf ítarlega yfir tekjur og mánaðarleg útgjöld skuldara og greinargerð útbúin sem innifelur upplýsingar um félagslegar og fjárhagslegar aðstæður viðkomandi. Greinargerðin er send innheimtustjóra SFS.
- Innkomnar greinargerðir eru lagðar fyrir sviðsstjóra SFS sem tekur ákvörðun um hvort gerður verði samningur og/eða mælt verði með afskrift vanskila við afskriftarnefnd Reykjavíkur.
- Ef afskriftarnefnd samþykkir afskrift vanskila þá eru kröfurnar afskriftamerktar í bókhaldi og innheimta þeirra felld niður hjá Inkasso-Momentum og/eða Gjaldheimtu.



Um afskriftarnefnd borgarinnar fer skv. innheimtureglum borgarinnar en þar segir í grein 4.7 að „Starfrækja skal afskriftarnefnd. Afskriftarnefnd fer yfir og metur tillögur til afskrifta frá sviðum og stofnunum A-hluta Reykjavíkurborgar. Í afskriftarnefnd sitja sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs, borgarlögmaður og borgarbókari. Lögfræðingur fjármála og áhættustýringarsviðs starfar með nefndinni. Afskriftarnefnd fundar a.m.k. tvisvar sinnum á ári, að jafnaði í maí og desember. Afskriftarnefnd starfar eftir verklagsreglu FMS-VLR-014 sem borgarráð hefur samþykkt. Afskriftarnefnd er heimilt í undantekningartilfellum, á grundvelli rökstuddrar beiðni viðkomandi sviðsstjóra, að fella niður og afskrifa almennar kröfur þegar sérstaklega stendur á.“

Skjól verklags hefur undanfarið ár, júlí 2022 – júlí 2023, verið virkjað í 25 skipti, 7 af þeim málum fóru fyrir fund afskriftarnefndar sem haldinn var í júní sl. og frestaði nefndin 5 málum til næsta fundar þar sem nefndin taldi upplýsingar um tekjur og útgjöld ófullnægjandi.